

Kópavogsbær
Formaður bæjarstjórnar Kópavogs
Fannborg 2
200 Kópavogur



Kópavogur, 15. júní 2011

Boðað verkfall leikskólakennara 22. ágúst nk.

Stjórn SAMLEIK, hefur miklar áhyggjur af því að 96% félagsmanna í Félagi leikskólakennara sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir hafi samþykkt að fara í verkfall frá og með 22. ágúst nk. eða við upphaf skólaárs.

Ákvörðun FL er tekin að vel ígrunduðu máli í ljósi þess að önnur félög innan Kennarasambands Íslands hafa undirritað kjarasamninga við Samninganefnd sveitarfélaganna sl. vikur og óttast foreldrar að stefni í langvinnar kjaradeilur. Verkfall grunnskólakennara stóð í 8 vikur árið 2004, þannig að sporin hræða. Ábyrgð sveitarfélaga og viðsemjenda þeirra er mikil, en börn eiga rétt til menntunar, fræðslu og verndar skv. 75. gr. stjórnarskrárinnar og skv. 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Verkfallsréttur stéttarfélaga er vissulega grundvallarréttindi, en honum má ekki beita á þann hátt að hann skerði þá lögbundnu þjónustu og réttindi sem börn eiga. Komi til þess er það skylda samningsaðila að finna aðrar leiðir til lausnar kjaradeilunnar.

Fulltrúi foreldra lagði fram fyrirspurn um hver afstaða leikskólanefndar til verkfallsboðunar FL væri á fundi nefndarinnar þann 7. júní sl. Í ljósi þess að FL hefur samþykkt verkfallsaðgerðir er kallað eftir hver sé afstaða formanns bæjarstjórnar Kópavogs til verkfallsaðgerðanna og þá hvernig Kópavogsbær ætli sér að tryggja að verkfallsaðgerðirnar komi sem minnst niður á börnunum og foreldrum þeirra sem ekki eiga aðild að þessum kjaradeilum. Sérstaklega er kallað eftir upplýsingum um aðgerðir bæjarins til tryggja starfssemi í leikskólum bæjarins sem tengjast börnum með sérþarfir eða aðra fötlun.

Óskað er eftir svari sem fyrst.

Virðingarfyllst

Friðrik Friðriksson,
Formaður stjórnar SAMLEIK og
fulltrúi foreldra í leikskólanefnd Kópavogs
Hjallabrekka 36 / Kópavogi

Afrit til leikskólanefndar Kópavogsbæjar